



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁBS 15. MARS 2007

HVERSU ÆSKILEGUR ER JÖFNUÐUR?

Mikið hefur farið fyrir umræðu um jöfnuð og þróun hans undanfarið. Þar hafa ýmsir fræðimenn sem og stjórnámálamenn lagt orð í belg og niðurstöðurnar orðnar ámóta margar og álitsgjafarnir. Aðferðafræði spilar þar stærsta hlutverkið enda auðvelt að skapa þær niðurstöður sem er óskað eftir séu gögn og forsendur aðlöguð samkvæmt því. Þrátt fyrir þessa umfangsmiklu umfjöllun hafa ákveðin atriði gleymst eða notið lítillar athygli. Það veigamesta af þeim hlýtur að vera hversu æskilegt hugtak jöfnuður er.

... hugmyndir um að knýja fram meiri jöfnuð með aukinni skattlagningu eru afar skammsýnar....

Aðgerðum til aukins jafnaðar fylgja ýmsar aukaverkanir. Hugmyndir um að knýja fram meiri jöfnuð með aukinni skattlagningu á fyrirtæki og fjármagnseigendur eru afar skammsýnar og varasamar. Sú mikla hagsæld sem við höfum búið við undanfarin ár á ekki síst rætur sínar að rekja til hagfells fyrirtækja- og fjárfestingarumhverfis. Því er mikilvægt að viðhalda góðu rekstrarumhverfi enda hefur þessi framþróun skilað sér til allra sviða samfélagsins.

... öllum skapaður grundvöllur og hvati til árangurs ...

Viðskiptaráð hefur ávallt beitt sér fyrir því að skattkerfi landsins sé eingöngu nýtt til að fjármagna velferðarkerfi og samfélagsinnviði sem sátt er um að allir njóti aðgangs að. Skattkerfinu er ekki ætlað að jafna út tekjur með endurdreifingu fjármuna. Í því samhengi hefur ráðið bent á kosti flatra skatta, þar sem einfaldleiki og gagnsæi eru eins og best verður á kosið. Velferðarkerfið skapar þegnum samfélagsins jöfn tækifæri til menntunar, atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar. Þannig er öllum skapaður grundvöllur og hvati til árangurs. Lykilatriðið í þessu samhengi er að jöfn tækifæri ættu að vera markmiðið, ekki jöfnuður.

... umbætur á skattkerfi hafa verið einn helsti hvati efnahagslegra framfara á Íslandi...

... hækkun launa hefur náð til allra tekjuhópa...

... fjármagnið má nýta til að bæta menntun, heilbrigðisþjónustu og aðra þætti sem sátt er um að falli undir velferðarkerfið...

... tækifærin eru mun fjölbreyttari og víðtækari en áður...

KOSTIR KRÖFTUGS ATVINNULÍFS

Hluti af þeirri gagnrýni sem komið hefur fram í tengslum við jöfnuð er að umbætur í umhverfi fyrirtækja hafi verið á kostnað launþega. Því fer fjarri lagi. Umbætur á skattkerfinu hafa verið einn helsti hvati efnahagslegra framfara á Íslandi síðastliðinn áratug. Lækkun á tekjuskatti fyrirtækja og breytingar á fyrirkomulagi skattlagningar fjármagnstekna hafa ýtt undir vöxt íslenskra fyrirtækja sem á sér enga hliðstæðu í sögu landsins. Þessi þróun hefur gagnast fjármagnseigendum en ekki síður launþegum. Jákvæð reynsla af skattbreytingum gefur tilefni til að ganga enn lengra í þessum efnunum, frekar en að hörfa aftur á bak í nafni jafnaðar.

Það væri síst samfélaginu til tekna að hækka skatthlutfall á tekjur fyrirtækja enda eru það hagsmunir allra, ekki einhvers fámenns útvalins hóps, að vel gangi í íslensku viðskiptalífi. Sú gríðarlega hækkun raunlauna sem hefur átt sér stað á undanförunum áratug er drifin áfram af kraftmiklu viðskiptalífi og hagvexti sem hefur verið langt umfram það sem gerist í nágrennalöndum okkar. Þessi hækkun hefur náð til allra tekjuhópa, bæði þeirra hæst launuðu og þeirra lægra launuðu.

ÁHRIFANNA GÆTIR VÍÐA

Það er ekki bara í formi hærri launa sem þessi mikli vöxtur hefur skilað sér til samfélagsins. Þrátt fyrir lægra skatthlutfall eru heildarskattgreiðslur til ríkisins, bæði vegna fjármagnstekna og tekjuskatts fyrirtækja, miklu hærri en fyrir umbætur. Þetta skilar sér beint til samfélagsins og hér er um gríðarlega fjármuni að ræða. Þetta fjármagn má nýta til að bæta menntun, heilbrigðisþjónustu og aðra þætti sem sátt er um að falli undir velferðarkerfið.

Hluti þess mikla virðisauka sem orðið hefur á íslenskum hlutabréfamarkaði rennur beint í vasa landsmanna í formi mikillar ávöxtunar íslenskra lífeyrissjóða og því ljóst að vöxtur og farsæld fyrirtækjanna hefur margþætt jákvæð áhrif. Staða íslensku lífeyrissjóðanna er ein sú sterkasta sem gerist í heiminum. Eignir þeirra hafa nú þegar náð yfir 130% af landsframleiðslu og með öfluglu atvinnulífi má gera ráð fyrir áframhaldandi sterkri ávöxtun. Þessar eignir eru öllum landsmönnum afar mikilvægar, enda forsenda þess að launþegar geti hætt störfum án þess að verða byrði á komandi kynslóðum.

Framboð spennandi og vel launaðra starfa hefur aldrei verið meira, enda skapa stór og kröftug fyrirtæki bæði bein og afleidd störf með starfsemi sinni. Hálaunastörfum fjölgar hratt og tækifærin eru mun fjölbreyttari og víðtækari en áður. Þetta skapar hvata til menntunar, frumkvæðis og nýsköpunar. Viðskiptaráð leggur áherslu á að sem flestir eigi kost á að nýta þessi tækifæri. Það er við slíkar aðstæður sem samfélög blómstra.

*... gleymist að kynna
valkvölin milli jöfnunar
tekna og vaxtar hagkerfisins ...*

*... ef hagur allra vænkast er
ekki aðalatriðið hvort
einhverjir hafi meiri tekjur en
aðrir...*

*... þættir sem eru fjármagnaðir
af hinu opinbera eru sannarlega
ekki ókeypiss og í flestum
tilfellum dýrari...*

VALKVÖLIN MILLI VAXTAR OG JAFNABAR

Þegar rætt er um tekjujöfnuð virðist almennt gleymast að kynna þá valkvöl sem er á milli jöfnunar tekna annars vegar og vaxtar hagkerfisins hins vegar. Endurdreifing fjármuna í gegnum skattkerfið letur einstaklinga til verka og framtakssemi og heftir því samfélagið í alþjóðlegri samkeppni og efnahagslegum framförum. Sérstaklega er hættulegt að endurdreifa ávöxtun fjárfestinga. Fyrirtæki og fjármagnseigendur leita alltaf þangað sem rekstrarskilyrðin eru best og því mikilvægt að búa þeim sem bestar aðstæður hér á landi. Hálaunastörf skapa samfélaginu miklar tekjur, enda iðulega í þeim greinum sem skila mestri verðmætasköpun. Hætta er á að aukin skattlagning dragi úr samkeppni um þessi störf sem væri samfélaginu síst til tekna. Í stað þess að leitast við að ná fram sem mestum jöfnuði hlýtur að vera ábatasamara að reyna að ná sem mestum vexti. Svo lengi sem hagur allra vænkast, eins og raun ber vitni hér á landi, er ekki aðalatriðið hvort einhverjir hafi meiri tekjur en aðrir.

Það er engin tilviljun að samfara skattalækkunum hafa skatttekjur hækkað umtalsvert. Sú breikkun skattstofna sem hefur átt sér stað vegna vaxtar atvinnulífsins hefur vegið upp á móti prósentulækkuninni og gott betur en það. Sé ætlunin að halda uppi öflugum velferðarkerfi sem stendur undir sér eru skattahækkunar síst til þess fallnar að styðja við þau áform. Það sem skiptir máli þegar allt kemur til alls er hversu mikið skilar sér í heildina í ríkiskassann, ekki hversu stórt hlutfall af heildartekjum sú tala er.

UMRÆÐA Á VILLIGÖTUM

Í umræðu um aðgerðir gegn ójöfnuði hefur hækkun fjármagnstekjuskatts ósjaldan borið á góma. Þá er því haldið fram að hann sé í ósamræmi við aðra skattlagningu á einstaklinga. Í skoðun sem Viðskiptaráð gaf frá sér síðastliðið haust sýndu útreikningar að hið meinta óréttlæti sem talið er felast í því að lægri skattar eru greiddir af fjármagnstekjum er ekki til staðar. Þvert á móti greiða margir launþegar hlutfallslega lægri skatt en greiddur er af fjármagnstekjum. Eðli fjármagnstekna er allt annað en eðli venjulegra launatekna. Til þessara þátta verður að taka tillit þegar skattheimta á fjármagnstekjur er rædd. Það er afar varhugavert að ætla sér að knýja fram jöfnuð með hækkun fjármagnstekjuskatts, enda mjög kvikur skattstofn sem er nauðsynlegt að líta öðrum augum en almennar launatekjur.

Annar þáttur sem oft er nefndur í umræðu gegn ójöfnuði er ókeypiss þjónusta. Meðal þess eru ókeypiss menntun, leikskólar, almenningssamgöngur og frístundaiðkun. Það er mjög óheppilegt að hugtök eins og "ókeypiss" séu misnotuð í orðræðu stjórnmálamanna. Þeir þættir sem eru fjármagnaðir af hinu opinbera eru sannarlega ekki ókeypiss og í flestum tilfellum dýrari en þeir væru ella. Það er því eðlilegra að tala um að fella þessa þætti inn í velferðarkerfið, og fjármagna með auknum sköttum,

heldur en að um sé að ræða ókeyppis þjónustu. Sé sátt um að fjármagna þjónustu í gegnum velferðarkerfi, leggur Viðskiptaráð ríka áherslu á að sú þjónusta sé boðin út til einkareksturs. Reynslan hefur sýnt að gæði þjónustu sem veitt er af einkaaðilum eru mun meiri en gæði opinberrar þjónustu með sömu fjárframlög. Það er afar mikilvægt að lögð sé áhersla á gæði og samkeppnishæfni í þjónustuþáttum eins og menntun, heilbrigðisrekstri og samgöngum.

... ýmsir annmarkar eru á þeim mæliaðferðum sem helst hefur verið beitt í rannsóknum á tekjujöfnuði ...

Það eru fjölmargir aðrir þættir sem mikilvægt er að hafa í huga þegar hugtakið jöfnuður er haft í huga. Ýmsir annmarkar eru á þeim mæliaðferðum sem helst hefur verið beitt í rannsóknum á tekjujöfnuði á Íslandi. Það er afar erfitt að gera samanburð á milli landa nema gögn séu fullkomlega samanburðarhæf og tekið er tillit til ýmissa samfélagslegra og lýðfræðilegra þátta. Þannig hafa þættir eins og aldurskipting þjóðar, menntunarsókn, atvinnuleysi og margt fleira mikil áhrif á niðurstöður. Þessu til viðbótar er sjaldnast greint frá því að einstaklingar flytjast oft á milli tekjuhópa yfir lífsleiðina og því jafnast tekjuskipting út samkvæmt því.

JÖFN TÆKIFÆRI, EKKI JÖFNUÐUR

Hagfelld skattaumhverfi hefur verið ein helsta forsendan fyrir miklum vexti íslensks viðskiptalífs undanfarin ár og það er afar mikilvægt fyrir allt samfélagið að standa vörð um það. Sá árangur sem íslensk stórfyrirtæki hafa náð skilar sér í stóru auknum tækifærum og hagsbótum, bæði fyrir launþega og minni fyrirtæki. Hætt er við því að aðgerðir sem beinast gegn meintum ójöfnuði, s.s. hækkanir á fjármagnstekjuskatti og tekjuskatti fyrirtækja, myndu draga úr krafti atvinnulífsins og hafa þannig öfug áhrif. Það hefur sýnt sig að atvinnuleysi og efnahagslæðgerðir koma verst niður á þeim efnamestu og efnaminnstu.

... hætt er við því að aðgerðir gegn meintum ójöfnuði hafi öfug áhrif ...

Tekjudreifing er margslunginn og flókinn hlutur. Það er afar erfitt að koma með áreiðanlegt og ítarlegt mælitæki til að mæla hversu mikill jöfnuður er til staðar. Þar hafa margir þættir áhrif og ýmsir þeirra skekkja þá mynd sem einfaldir stuðlar gefa. Að sama skapi samanstandur atvinnulífið af einstaklingum með ólíka menntun, reynslu og hæfileika. Það má því gera ráð fyrir að allir séu sammála um að einhver ójöfnuður eigi að vera til staðar, en nær ómögulegt er að meta hvert "æskilegt" magn ójafnaðar er. Viðskiptaráð telur brýnt að þannig sé búið um hnútana að allir eigi kost á að láta að sér kveða. Það eru ekki allir steyptrir í sama mót og því á ekki að reyna að breyta. Jöfn tækifæri er lykilorðið en ekki jöfnuður. Aðgangur að menntun, heilbrigðiskerfi og almennu öryggisneti gefur þessi tækifæri. Þannig er öllum skapaður grundvöllur og hvati til árangurs.

... Viðskiptaráð telur brýnt að þannig sé búið um hnútana að allir eigi kost á að láta að sér kveða ...

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, og Haraldur I. Birgisson, lögfræðiráðgjafi Viðskiptaráðs Íslands, í síma 510 7100.